

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 1042/2003, um inntöku nýnema í læknisfræðiskor og sjúkraþjálfunarskor í læknadeild Háskóla Íslands.

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar „5. júní“ í 1. mgr. 3. gr. kemur: 1. júní.

2. gr.

Í stað dagsetningarinnar „20. ágúst“ í 1. mgr. 4. gr. kemur: 1. ágúst.

3. gr.

Reglur þessar hefur háskólaráð sett á grundvelli tillögu læknadeildar og með vísan til 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999, um Háskóla Íslands, sbr. 2. mgr. 89. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands.

Breyttar reglur öðlast þegar gildi og verður þeim beitt við inntöku stúdenta í læknadeild frá og með háskólaárinu 2006 – 2007.

Háskóla Íslands, 24. mars 2006.

Kristín Ingólfssdóttir.

Þórður Kristinsson.